

Reykhólaskóli

Skráning í mótuneyti



Mataráskrift er gjaldfrjálss í Reykhólaskóla þar sem nemendum er boðið upp á hádegismat og ávaxtastund tvisvar yfir daginn. Áhersla er lögð á hollan og næringarríkan mat samkvæmt leiðbeiningum Landlæknisembættis en matseðill hvers mánaðar er birtur á heimasíðu skólans. Þótt skólamáltíðir séu gjaldfrjálsar er mikilvægt fyrir mótuneyti skólans að hafa yfirsýn til innkaupa og takmörkunar á matarsóun auk þess að halda utan um upplýsingar um ofnæmi og óþol nemenda.

Foreldrar þurfa því að skrá börn sín í mataráskrift í mótuneyti Reykhólaskóla með útfyllingu þessa eyðublaðs og koma því undirrituðu til skólastjórnenda. Skráningarfrestur er til 19. september.

Nafn nemanda:	
Kennitala:	Lögheimili:

Nemandinn er skráður í hádegismat á eftirfarandi vikudögum. Merkið við alla daga ef við á				
mánudaga	þriðjudaga	miðvikudaga	fimmtudaga	föstudaga
☐	☐	☐	☐	☐

Skráning nemanda í mótuneyti Reykhólaskóla gildir til loka skólaárins 2025-2026 eða þar til breytingar eru gerðar á skráningu. Ávallt er hægt að segja upp skráningu eða breyta skráningu nemanda í mótuneyti. Allar uppsagnir á skráningu í mótuneyti skulu berast skriflega til stjórnenda Reykhólaskóla en breytingar skuli gerðar með því að útfylla nýtt eyðublað skráningar og koma staðfestu til stjórnenda skólans.

Vakin er athygli á því að eingöngu nemendum á elsta stigi er almennt heimilt að fara af skólalóð og heim í mat í hádegishléi. Foreldrar barna á miðstigi þurfa að óska eftir því sérstaklega gagnvart stjórnendum skólans að börn þeirra geti farið heim í mat í hádeginu og gera samkomulag þess efnis.

Upplýsingar um ofnæmi, sjúkdóma eða annað sem hefur áhrif á mataræði nemanda:

Staður og dagsetning:	
Kennitala forsjáraðila:	Undirritun forsjáraðila: